

mánuði, lagt það til, að af þeim hluta af nefndu fje, sem ber suðurumdöminu fyrir árið **26** 1878 megi þegar nú samkvæmt beiðni búnaðarfjelagsins verða veitt því 900 kr. upphæð **15. febr.** til fyrirtækja þeirra, sem tiltekin eru í bónarbrjefinu.

Út af þessu vil jeg hjer með tjá yður, herra amtmaður, til þóknanlegrar leiðbeiningar og ráðstafanar það, er nú segir:

Fjárlögin gjöra, að minni hyggju, ráð fyrir, að af fje því, er veitt er með 10. gr. C. 5. til jarðræktar og til eflingar sjáfarútvegi, verði um hvert fjárhagsár ákveðnum styrk varið til eflingar hinum nefndu atvinnuvegum í hverju einstöku amti samkvæmt uppástungum amtsvalda þeirra, er getur um í dómsmálastjórnarbrjefi 26. febr. 1870, og með samþykki landshöfðingja, og það atriði, að búnaðarfjélag suðuramtsins hefir vanrækt að koma í tæka tíð með tillögur um, hvernig verja ætti öllum hluta þeim, er bar suðurumdöminu af hinni veittu upphæð, getur varla svipt amtið styrk þeim, sem fjárlögin hafa ákveðið fyrir viðkomandi ár til eflingar áminnztum atvinnuvegum í amtinu. Jeg hefi því samkvæmt orðum og tilgangi hinnar nefndu fjárveitingar álitíð, að mjer bæri að ávísa amtsráði suðuramtsins úr jarðabókarsjóði — en úr honum er hinum fjárlagalegu útborgunum fyrir árið 1878 enn ekki lokið — því fje af 10. gr. C. 5 fjárlaganna, er enn þá ekki hefir verið greitt úr landssjóði, að upphæð alls 966 kr. 66 a., og að fela hinu heiðraða amtsráði að ráðstafa fje þessu samkvæmt veitingunni til jarðræktar, og til eflingar sjáfarútvegi.

Ávísun þessi fylgir, og býst jeg við, að mjer verði send á sínum tíma þóknanleg skýrsla um, hvernig fjenu hafi verið varið.

— *Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suður- og vesturumdöminu um styrk til þess að læra vegagjörðir erlendis.* — Samkvæmt til- **27** **15. febr.** lögum yðar, herra amtmaður, í brjefi frá 11. p. m. hefi jeg af fje því, sem ætlað er til verklegra fyrirtækja á þessu ári veitt Birni trjesmið Þorlákssyni í Stafholti 200 kr. styrk til þess að ferðast til Noregs, og kynna sjer aðferð þá, sem þar tíðkast við vegagjörðir til sveita, brúagjörðir yfir minni ár, o. fl.

Af hinum veitta styrk munu 100 kr. verða útborgaðar honum, þegar hann í vor leggur af stað hjeðan. Hinar 100 kr. mun hann fá greiddar, þegar hann kemur heim aptur að hausti, og sannar, að hann hafi varið dvöl sinni í Noregi á áminnztan hátt.

— *Brjef landshöfðingja til bæjarfógetans í Reykjavík um atkvæðisrjett hans í bæjarstjórninni.* — Í þóknanlegu brjefi frá 10. p. m. hafið þjer, herra bæjarfógeti skýrt mjer frá, að hin hjerverandi bæjarstjórn hafi á fundi 6. p. m. samþykkt með 6 atkvæðum gegn 3 eptirfylgjandi ályktun:

«Bæjarstjórnin lýsir yfir því, að hún eigi viðurkennir, að formanni hennar beri annar atkvæðisrjettur á fundum bæjarstjórnarinnar, en heimilaður er í 12. gr. tilsk. 20. apríl 1872, þegar svo stendur á, sem þar er ráð fyrir gjört»,

og að þjer, þar sem þjer ætlið, að bæjarstjórnin með þessari ákvörðun hafi gengið út fyrir vald það, er hún hefir eptir lögnum, hafið samkvæmt tilsk. um bæjarstjórn í kaupstaðnum Reykjavík frá 20. apríl 1872, 12. gr. með því að rita atkvæði yðar í gjörðabókina felt þessa ályktun úr gildi að sinni og skotið til úrlausnar landshöfðingjans þeirri spurningu, hvort bæjarfógetanum beri atkvæðisrjettur á fundum bæjarstjórnarinnar eptir tilsk. 20. apríl 1872.

28  
15. febr.

Út af þessu skal yður hjer með tjáð eptirfylgjandi, til þóknanlegrar leiðbeiningar, og birtingar fyrir bæjarstjórninni.

Með því að bæjarfógetinn er samkvæmt tilsk. 20. apríl 1872, 1. gr. einn af bæjarstjórninni, og þar sem ekki er í hinum nefndu lögum neins háttar ákvörðun eða bending um, að hann eigi ekki eins fullan atkvæðisrjett, og hinir kosnu bæjarfulltrúar, í öllum bæjarmálefnum, sem koma til meðferðar og úrslita á fundum bæjarstjórnarinnar eptir nefndri tilskipun, — leiðir það beinlínis af þessu, að hann á þenna atkvæðisrjett eptir lögnum, þetta styðst enn fremur við ákvarðanir þær, sem eru í tilskipuninni sjálfri og í samþykktinni frá 9. okt. 1872 um sæti bæjarfógetans í hinum ýmsu bæjarstjórnarnefndum, þar sem hann á ófaðan atkvæðisrjett, þó það ekki heldur, hvað þessum nefndum viðvikur, hafi verið álitid nauðsynlegt, að gjöra beinlínis ákvarðanir um þetta atriði, og vil jeg í því tilliti skírskota til tilsk. 20. apríl 1872, 7., 15, og 16. gr. sem og samþykktarinnar frá 9. október 1872, 2., 4., 6. og 7. gr.

Atkvæðisrjettur sá, sem bæjarfógetanum þannig ber samkvæmt tilsk. 20. apríl 1872, í öllum málefnum, sem liggja undir úrskurð bæjarstjórnarinnar, verður, eins og vitaskuld er, ekki frá honum tekinn með yfirlýsingu hinna bæjarfulltrúanna, um það að þeir ekki viðurkenni, að þessi rjettur beri honum, eins og ekki heldur verður gert út um hann með þingsköpum þeim, sem nefnd eru í 11. gr. tilskipunarinnar. Það liggur í augum uppi, að 12. gr. tilskipunarinnar snertir ekki rjett bæjarfógetans til að taka þátt í atkvæðagreiðslu bæjarstjórnarinnar, en heimilar honum aptur á móti rjett til, þegar búid er að greiða atkvæði um eitthvert málefni, að fella úr gildi að sinni ályktun þá, sem bæjarstjórnin hafði fallizt á með atkvæðafjölda, þegar skilyrðin fyrir því samkvæmt lagagreininni eru fyrir hendi.

Fylgiskjalið, sem fylgdi brjefi yðar, herra bæjarfógeti, endursendist hjer með.

29  
25. febr.

Verðlagsskrá,  
sem gildir fyrir  
Rangárvallasýslu

frá miðju maímanadar 1879 til sama tíma 1880.

		í peningum.		Hundrað á		Alin.
		Kr.	Aur.	Kr.	Aur.	
<i>A. Friður peningur:</i>						
1.	1 ♂ 1 kýr, 3 til 8 vetra, sem beri frá miðjum október til nóvembermánaðarloka, í fardögum . . . á	77	20	77	20	64
2.	— 6 ær, 2 til 6 vetra, loðnar og lembdar í fardögum . . . hver á	7	81	46	86	39
3.	— 6 sauðir, 3 til 5 vetra, á hausti . . . —	10	52	63	12	53
4.	— 8 — tvævetrir . . . —	7	79	62	32	52
5.	— 12 — veturgamlir . . . —	5	63	67	56	56
6.	— 8 — ær geldar . . . —	7	70	61	60	51
7.	— 10 — mylkar . . . —	5	45	54	50	45
8.	— 1 áburðarhestur, taminn, 5 til 12 vetra, í fardögum á	59	35	59	35	49
9.	— 1 <sup>1</sup> / <sub>3</sub> hryssu, á sama aldri . . . . . hver á	49	81	66	41	55
<i>B. Ull, smjör og tólg.</i>						
10.	1 ♂ 120 pd. af hvíttri ulla, vel þveginni, pundid á	»	73	87	60	73
11.	— 120 — af mislitri ulla, vel þveginni . . . —	»	53	63	60	53
12.	— 120 — af smjöri, vel verkuðu . . . —	»	50	60	»	50
13.	— 120 — af tólg, vel bræddri . . . —	»	33	39	60	33